

Til nefndarsviðs Alþingis

Umsögn um lagafrumvarp

Sendandi: Landsamband hestamannafélaga.

Reykjavík 13.04. 2012.

Númer þingmáls: 510. mál 140. löggjafabings.


Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995

Landsamband hestamannafélaga (LH) hefur um nokkurt skeið leitað eftir því að lögum nr. 4/1995 verði breytt svo að óbyggjandi sé að hesthús hvar sem þau er að finna skattleggist ekki skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laganna heldur skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. Með framangreindu frumvarpi er komið til móts við kröfur LH hvað þetta varðar.

Þann sama dag og þetta kom fram, þ.e. 13. febrúar s.l. fóru fulltrúar LH á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og töluðu fyrir þeirri lausn sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Einnig sátu fundinn fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og innanríkisráðuneytinu. Á fundinum var ákveðið að fulltrúi innanríkisráðuneytisins skyldi vinna að lagatexta sem gerði ráð fyrir lausn sem væri mjög í anda þess sem LH hafði óskað eftir og því efnislega í anda þeirrar lausnar sem framangreint frumvarp felur í sér. Í kjölfarið, eða 19. mars s.l. lagði innanríkisráðherra í 633. máli þingsins fram þingskjal nr. 1013 sem hefur að geyma lagafrumvarp sem felur í sér framangreinda lausn. Sá munur er á frumvörpunum að einungis hið síðarnefnda hefur að geyma mikilvægt og nauðsynlegt ákvæði til bráðabirgða sem heimilar sveitarstjórnnum að lækka fasteignaskatt á árinu 2012 á hesthús þannig að álagningarhlutfall þeirra sé hið sama og annarra fasteigna skv. a-lið 3. mgr. 3. gr.

Með vísan til framanritaðs er LH sammála efni frumvarpsins en vill jafnframt að samþykkt verði heimild fyrir sveitarfélög til þess að lækka álagningu fasteignaskatts á hesthús á árinu 2012 svo sem framangreint frumvarp innanríkisráðherra gerir ráð fyrir.

Fyrir hönd Haraldar Þórarinssonar form. stjórnar LH,


Arnór Halldórsson hdl.